



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

## **Þingfundargerð**

Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar haldið í Íþróttahöllinni Akureyri 22. – 23. september 2017.

### **Þingsetning í Akureyrarkirkju Akureyri**

47. Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar var sett í Akureyrarkirkju í föstudaginn 22. september kl. 20:30. Kristinn Örn Jónsson formaður þingnefndar bauð gesti velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins. Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti þingið formlega. Ávörp fluttu: Sjoerd Timmermans forseti KIEF og Terje Kristian Thørring Christensen umdæmisstjóri Norden.

Ung söngkona Eik Haraldsdóttir kom fram og söng tvö lög við undirleik kennara síns, Heimis Bjarna Ingimarssonar en hún er nemandi í Tónlistarskólanum á Akureyri.

Séra Svavar Alfreð Jónsson flutti stutt ávarp og er hann fyrrverandi Kiwanisfélagi. Umdæmisstjóri Haukur Sveinbjörnsson frestaði fundi kl. 21.00 til kl. 09:00 á laugardeginum.

### **Þingfundi framhaldið**

Þingfundi var framhaldið í Íþróttahöllinni í Akureyri kl. 9:00. Haukur umdæmisstjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og bað þingfulltrúa að rísa úr sætum og minnst látinna félaga. Að loknu fól hann Sæmundi H. Sæmundssyni fundarstjórn.

### **Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær**

Allar skýrslur umdæmisstjórnar birtust í þingblaði Kiwanisfrétta.



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

## Umdæmisstjóri

Umdæmisstjóri flutti ávarp en vísaði að öðru leyti í skýrslu sína í þingblaði Kiwanisfrétta og ræddi um nýundirskrifaðan samning við JCI og samstarf við PIETA samtökin. Félagar í JCI eru á aldrinum 18 til 40 og vonast er til að félagar í JCI gangi í Kiwanis. Haukur vill að hlúð sé að klúbbum og stofnaðir nýir, mun hann vinna áfram að slíkum verkefnum. Fór hann yfir innkomu af OLÍS/ÓB lykils við umdæmið en 436 lykjar eru skráðir og innkoma á þessu Kiwanisári er um 649 þúsund krónur. Peningarnir hafa til dæmis nýst í þýðingar yfir á færeysku og í stefnumörkun.

## Umdæmisritari

Umdæmisritari ræddi um skýrslu sína og breytingar í félagatali frá því að hann hefði ritað skýrsluna í þingblaðinu. Fækkun er um 33 féлага og nefndi ritari að rýna þyrfti í af hverju fækkun er á félögum. En hún er helst andlát féлага, flutningur, leiði og jafnvel áhugaleysi. Nefndi hann hver meðal mætingaprósenta væri en hún er 83,5%.

## Umdæmisféhirðir

Magnús Helgason umdæmisféhirðir lagði fram ársreikning umdæmisins fyrir starfsárið 2015-2016 undirritaða af skoðunarmönnum umdæmisins þeim Gunnari Rafn Einarssyni og Guðmundi Péturssyni. Ársreikningurinn fylgdi með í þinggögnum. Tekjur ársins voru rúmar 17,587 milljónir króna og gjöld um 12,433 milljónir og tekjur umfram gjöld um 4,695 milljónir króna. Eignir hreyfingarinnar voru 28,359 milljónir króna og eigið fé um 20,103 milljónir króna. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

## Svæðisstjórar

Svæðisstjórar, Benedikt Kristjánsson Óðinssvæði, Jóhann V Sveinbjörnsson Sögusvæði, Jóhannes Kristján Guðlaugsson Freyjusvæði, Sámal Bláhamar Færeyjasvæði og Emelía Dóra Guðbjartsdóttir Ægissvæði sögðu frá skýrslum



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

sínum, sem birtust í Þingblaði Kiwanisfréttu. Engar fleiri umræður urðu um skýrslur umdæmisstjórnar.

## **Formaður kjörbréfanefndar Dröfn Sveinsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar**

Kjörgengi hafa þrír fulltrúar frá 35 klúbbum eða 105, auk þess umdæmisstjórnarmenn og fyrrverandi umdæmisstjórar alls 35 eða samtals 143 fulltrúar. Mættir eru 96 félagar frá klúbbum og auk þess 22 umdæmisstjórnarmenn og fyrrverandi umdæmisstjórar eða samtals 118 fulltrúar og er það um 85% mæting. Dröfn formaður kjörbréfanefndar kom í pontu til að kynna niðurstöðu kjörbréfanefndar og eru 136 á kjörskrá og 118 mættir í þingsal og þingið því lögmeitt.

## **Skipun kjörbréfanefndar og kjörnefndar**

### **Eftirtaldir skipuðu kjörbréfanefnd**

Dröfn Sveinsdóttir formaður, Sólborgu, Sigríður Káradóttir, Freyju og Guðlaugur Kristjánsson, Eldey.

### **Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd**

Svæðisstjóri Freyjusvæðis Jóhannes Kristján Guðlaugsson, (Katla), Svæðisstjóri Færejasvæðis Sámal Bláhamar (Tórshavn), Svæðisstjóri Óðinssvæðis Benedikt Kristjánsson (Skjálfanda), svæðisstjóri Sögusvæðis Jóhann V Sveinbjörnsson (Búrfell) og svæðisstjóri Ægissvæðis Emelía Dóra Guðbjartsdóttir (Sólborg) og er hún formaður kjörnefndar.

## **Niðurstöður málstofa frá föstudegi**

Hjördís Harðardóttir talaði fyrst og sagði frá sinni málstofu sem fjallaði um Formúluna, sem snýst um að það sé uppskrift á bak við allt sem við gerum og virkja þurfi alla Kiwanisfélaga til að segja frá því góða starfi sem við erum að inna að hendi. Hver klúbbur skal setja einn féлага sem Formúlu tengill og hvert svæði verði með tvo Formúlu ráðgjafa. Við ætlum að stefna á 1000 féлага árið 2020.



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

Hvatti hún félaga að bjóða á Kiwanisfundi til að fjölga í hreyfingunni. Haldin verður þjálfunarráðstefna á nýju ári en ekki er komin tímasetning á hana.

Næsta erindi um málstofu var í höndum Gunnsteins Björnssonar en það var um ásýnd Kiwanis - Fagmennska í framsetningu efnis. Kiwanis er vörumerki. Ásýndin er hluti af stefnumótun, Gunnsteinn fór yfir ónothæf merki sem væri verið að nota í hreyfingunni og slagorð og það þurfi að samræma þau, sem við erum að nota og noti aðeins þau merki sem er notuð í dag. Munum svo kjörorð Kiwanis. Hjálpum börnum heims.

Stefán Brandur Jónsson Kiwanisklúbbnum Ós, kom næstur með niðurstöður málstofu sinnar um Office 365 en þar eru margir möguleikar til notkunar fyrir hreyfinguna. Vonandi verður þetta til að minnka leiðinlegu verkin hjá klúbbum og unnið verði skilvirkara. Stefnt verður að fá tvo Office 365 tengla í hverju svæði, til að halda utan um netföng og aðstoða þá sem vinna í embættum klúbba með uppsetningu á Office 365. Nefndi hann að lokum að hann yrði í hliðarsal fram að mat fyrir þá sem vilja læra meir.

## Fjárhagsáætlun umdæmisins

Kristján G Jóhannsson formaður fjárhagsnefndar kom í pontu og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun umdæmisins fyrir starfsárið 2017-2018. Fjárhagsáætlunin birtist í þingblaði Kiwanisfréttu. Félagsgjald verður hækkað í 11.000 kr sem er 2% hækkun. Fjárhagsáætlunin var síðan samþykkt samhljóða. Gunnar Rafn spurði um Kiwanisfréttir og næsta þinggjald. Kristján svaraði því kr. 700 á félagu væri kostnaður á Kiwanisfréttum og næsta þinggjald kæmi fram þegar nær dragi að þingi. Ekki er hægt að sjá það fyrr hvað sá kostnaður yrði. Kristján G Jóhannsson var svo kosinn formaður fjárhagsnefndar 2017-2018.

## Kjör skoðunarmanna reikninga

Gunnar Rafn Einarsson og Guðmundur Pétursson voru endurkjörnir skoðunarmenn reikninga.



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

## Lagabreytingar og ályktanir

Óskar Guðjónsson formaður laga- og ályktananevndar gerði grein fyrir nýrri lagabreytingu, Meðferð tillaga til lagabreytingar lýtur ákvæðum XIII. kafla 1. gr. umdæmis laga. Lögformlegar teljast þær tillögur: Sem berast umdæmisritara 60. dögum fyrir þing. Sem umdæmisstjórn hefur lagt fram.

Væru kynntar og gerðar aðgengilegar minnst 30 dögum fyrir þing

Væru samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju (2/3) hluta gildra atkvæða viðstaddra þingfulltrúa.

Að ráði umdæmisfóhriðis og með samþykki umdæmisstjórnar leggur Laga- og ályktananevnd fram meðfylgjandi tillögu að lagabreytingu fyrir umdæmisþing á Akureyri 23. september 2017. Um er að ræða tillögu um breytingu á 2. gr., XI. kafla umdæmis laga - Fjármál.

Núverandi grein

### XI. KAFLI FJÁRMÁL

2. gr. Sjóðir og bankareikningar umdæmisins skulu endurskoðaðir í lok hvers fjárhagsárs af löggiltum einstaklingi(um) eða fyrirtæki sem tilnefnt er af umdæmisstjórn. Reikninga umdæmisins skal leggja fram á umdæmisþingi til samþykktar.

Breytt grein:

2. gr. Ársreikningur umdæmisins skal endurskoðaður eftir lok hvers starfsárs af tveimur skoðunarmönnum og lagður fram á umdæmisþingi til samþykktar. Skal a.m.k. annar skoðunarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Umdæmisstjórn setur reglugerð um meðferð fjármuna umdæmisins og framsetningu ársreiknings.

### Greinargerð umdæmisfóhriðis með tillögu

Það er venja að tala um ársreikning frekar en sjóði og bankareikninga þegar rætt er um reikninga sem á að endurskoða. Í 2. gr. XVI kafla umdæmis laga er talað um starfsár og því rétt að nota orðið starfsár frekar en fjárhagsár.

Ekkert kemur fram í umdæmislögum um hvað á að vera í ársreikningi og rétt að það sé skýrt nánar. Engin tímamörk eru á því hvenær ársreikningurinn á að vera tilbúinn og getur því dregist úr hófi að hann sé kláraður þannig að sú umdæmisstjórn sem tekur við getur lent í því að vita ekki hver fjárhagsstaða umdæmisins er. Góð regla er að ársreikningur sé kláraður eins fljótt og verða má



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

og því rétt að settur sé tímafrestur á að hann sé tilbúinn fyrir ákveðinn tíma og ættu fjórir mánuðir að vera nægur tími.

Venjan er að kjósa endurskoðanda og skoðunarmenn á umdæmisþingi og því rétt að setja það í lögin. Fyrirtæki endurskoða aldrei reikninga heldur eru það einstaklingar. Rétt þykir að a.m.k. annar skoðunarmannanna sé löggiltur endurskoðandi. Að lokum er áréttað að ársreikningurinn eigi að fylgja starfsári.

Mikilvægt er að verðandi umdæmisféhirðar hafi sem bestar leiðbeiningar þegar þeir taka við starfinu. Vel gerðar reglugerðir eða verklagsreglur sem þeir geta gengið að með mál eins og framsetningu ársreiknings, það að leggja fram uppgjör með reglulegum hætti og að ársreikningur sé tilbúinn sem fyrst eftir að starfsári líkur viðheldur ákveðnum aga.

Lögð var fram breytingartillaga frá Gunnari Rafni Einarssyni um að orðið eftir komi í stað orðsins í. Er þetta í fyrstu setningunni. Ársreikningur umdæmisins skal endurskoðaður eftir lok hvers starfsárs.... Var breytingin borin undir þing og samþykkt. Lagabreytingin var svo samþykkt samhljóða í held sinni með breytingunni.

### **Aðalfundur styrktarsjóðs umdæmisins**

Sigurður R. Pétursson, Heklu setti fund og byrjaði á því að veita styrk frá Styrktarsjóðnum til veiks barns upp á kr. 250.000 sem á við alvarleg veikindi að stríða, en það er ákveðin hefð að veita styrk í því bæjarfélagi sem Umdæmisþing er haldið hverju sinni. Sigurður lagði til að Sæmundur H. Sæmundsson, Elliða yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Sæmundur þakkaði traustið og lagði til að Jóhanna Einarsdóttir, Vörðu yrði fundarritari og var það samþykkt. Sigurður R. Pétursson formaður flutti skýrslu formanns. Sigurður þakkaði síðan aðilum fyrir góðan stuðning við Styrktarsjóðinn og Óskari fyrir aðstoð við að fá nota logo Kiwanis á Íslandi á söluvarning og merki. Að lestri loknum var opnað fyrir spurningar.

Birgir las upp ársreikninga Styrktarsjóðs vegna ársins 2016, voru þeir bornir upp og samþykkir samhljóða. Þá var komið að kjöri stjórnarmann. Formaður er Sigurður R. Pétursson, Heklu. Fulltrúar kosnir til tveggja ára: Birgir Benediktsson, Heklu og Ragnar Eggertsson, Elliða. Fulltrúar kosnir til eins árs: Óskar Guðjónsson, Eldey.



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

Jóhanna Einarsdóttir, Vörðu. Kjör stjórnarmanna var samþykkt samhljóða. Sigurður hvatti þingheim til að kaupa þingmerkið og nýjar vörur styrktarsjóðs. Sæmundur þakkaði fyrir sig og gaf formanni orðið. Formaður þakkaði Sæmundi fyrir fundarstjórn og hvati félagá til að láta heyra í sér og hafa samband og sleit fundi.

### **Þinghald var frestað milli 12.00-13.00 vegna matarhlés**

#### **Ávörp erlendra gesta og kjörforseta Evrópu**

Sjoerd forseti KIEF ávarpaði þingið og nefndi að í dag væru 37 klúbbar nýir klúbbar í Evrópu og 30.000 félagar í Evrópu. Næst talaði Terje umdæmisstjóri Norden og þakkaði fyrir hið góða samstarf milli umdæmanna. Nefndi ennfremur að vandinn við að fá nýja félagá væri líka hjá þeim.

Óskar Guðjónsson kjörforseti Evrópu og sagði að umdæmisþingið 2019 verður haldið í Reykjavík á ári Óskars sem forseta KIEF, en Óskar verður staðfestur í embætti á næsta KIEF Evrópuþingi á Ítalíu í maí. Hvatti hann Kiwanisfélagá að mæta á Evrópuþingið.

#### **K-dagsnefnd**

Eiður Ævarsson kom næstur fyrir K-dagsnefnd og fór yfir skýrslu sem Gylfi Ingvarsson formaður nefndarinnar ritaði. Eiður fór síðan yfir uppgjör K-dagsnefndar en þetta kemur allt fram í skýrslum.

Torfhildur frá Emblu spurði hvort þakkað hefði verið í fjölmiðlum vegna K-dags. Haukur nefndi að hann og Gylfi hefðu gert það í sjónvarpútsendingu. Eftir að reikningar voru kynntir voru þeir bornir upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

Eiður kom jafnframt með tillögu að söfnun 2019 sem kom frá Gylfa Ingvarssyni, samþykkt var að leggja tillöguna fyrir þingið og voru opnaðar umræður um tillöguna, en Eypór Einarsson kom í pontu og sagði að samkvæmt þessu væri næsta söfnun á sama tíma og Evrópuþingið væri hér á landi í Reykjavík.



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

## Tillaga að Landssöfnunin „Lykill að lífi“

Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar haldið á Akureyri dagana 22 og 23. september 2017 samþykkir að stefna að Landssöfnun „Lykill að lífi“ að vori 2019 og áfram skal styrkja geðverndarmál, oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn.



Lagt er til að þau verkefni sem við styrktum í sl. K-degi verði styrkt áfram þ.e. Pieta og BUGL

### GREINARGERÐ



Forseti Íslands tilkynnti fyrir hönd Pieta um Pieta-húsið yrði að Baldursgötu 7 og að starfsemi þess hefjist þar 1. des. Hér eigum við Kiwanis fólk stærsta hlut, þörf er á að fylgja málinu eftir og það getum við.



Kiwanishreyfingin hefur verið ötull bakhjarl BUGL í gegnum árin og veitt ómetanlegan stuðning, hvað varðar bættu aðstöðu, eflingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglunga og átt þátt í þróun meðferðarræða á BUGL.

Í ár hefur styrkur frá Kiwanis m.a. verið nýttur til að auka fjölskyldumiðaða þjónustu. Ný tæki voru keypt til að nýta í fjölskyldumeðferðina; vönduð vídeóupptökuvél, þrífótur og sjónvarp. Búið er að senda fagfólk á 4 daga námskeið í fjölskyldumeðferð (Circle of Security) sem er margreynd meðferð fyrir fjölskyldur 0-6 ára barna og nýtist mjög vel með tengslamiðuðu fjölskyldumeðferðinni (ABFT) sem þegar hefur hefur innleidd og helst verið nýtt fyrir fjölskyldur unglunga á BUGL.

Var gerð breytingartillaga á tillögunni um "að vori" væri tekið út og notað aðeins 2019. Var breytingin samþykkt. Var tillagan samþykkt svona samhljóða.

Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar haldið á Akureyri dagana 22 og 23. september 2017 samþykkir að stefna að Landssöfnun „Lykill að lífi“ 2019 og áfram skal styrkja geðverndarmál, oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn.





Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

## Hjálmanefnd

Ólafur Jónsson formaður Hjálmanefndar Drangey kom næstur og kynnti Hjálmauverkefnið og fór yfir hið mikla starf nefndarinnar sem hefur unnið frábært starf.

Starfs hjálmanefndar þetta starfsárið hefur gegnið sinn vanagang. Samstarf hefur verið afar gott og má þar sérstaklega taka fram samstarf við okkar stóra og aðal styrktaraðila okkar Eimskipafélagið og helstu stafsfólk þess í þessu verkefni. Þau Ólafur W. Hand, Dagný og Silja eru afar samtaka um að gera þetta eins vel og kostur er af hendi félagsins og þar ríkir mikil gleði þetta starfsárið sem eitt það besta í okkar samstarfi.

Hjálmanefnd Kiwanisumdæmisins starfsárið 2016 – 2017 var þannig skipuð.

Ólafur Jónsson Kiwanisklúbbnum Drangey, Sauðárkróki formaður.

Haraldur Finnsson Kiwanisklúbbnum Jörfa, Reykjavík.

Hjörtur Þórarinsson Kiwanisklúbbnum Búrfelli, Selfossi.

Petrína Ragna Pétursdóttir Kiwanisklúbbnum Sólborgu, Hafnafirði.

Stefán Jónsson Kiwanisklúbbnum Kaldbak, Akureyri.

Það er gaman þegar allir eru samstíga í að vinna þetta stórbrotna verk okkar svona vel og gefur aukinn kraft í samstarfi við Eimskipafélag Íslands.

Eins og þeir sem séð hafa hjálmana var á þeim nýtt útlit og hönnun og eru þeir orðnir mun sportlegri en eldri hönnun. Nokkuð bar á að kvartað var undan því að hjálmanir hafi verið of litlir í grunnbyggingu en allt annað er viðkemur þeim sé vandað.

Kom einnig í ljós hjá glöggum aðilum að hjálmanir í ár voru í stærðarflokknum **S** en síðustu ár hafa hjálmanir verið í **M** flokki. Ólafur tók þetta mál upp með Eimskipsfólki með þá spurningu hvort einhver mistök hafi verið gerð í hönnun hvað stærðina varðar og tók starfsfólk Eimskips að sér að skoða þetta mál fyrir komandi verkefni. Það eru þó alltaf eins og við vitum til sérstaklega höfuðstór



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

börn og hefur verið velt upp hvort eigi að panta eitthvað smá magn að hjálmum í næsta stærðar númeri til að bjarga málum ef þannig vandamál kemur upp. Við viljum jú að öll börn er hjálminn fá geti notað hann á réttan hátt.

Ólafur lagði það upp við fulltrúa Hjálmanefndar og svæðisstjóra að hvetja klúbbana til myndatöku við hjálma afhendingu og senda þær svo á Tomma kerfisstjóra.

Hugmyndin var að búa til mynda albúm til að eiga og senda síðan eitt eintak til Eimskips. Það er gaman að eiga safn af myndum á einum stað af þessu frábæra verkefni.

Á svæðisráðsfundi Freyjusvæðis þann 8 apríl var samþykkt að útbúa bréf er sett yrði í alla hjálmakassana börnum og foreldrum þeirra til fróðleiks og einnig til að kynna bæði verkefnið og hreyfinguna.

Er þetta hugsað þannig að notaður er haus af bréfsefni hreyfingarinnar og hver klúbbur setur sitt nafn á bréfið og nafn forseta og læt Ólafur fylgja með uppkast að einu slíku.

*Kæri 1.bekkingur í Árbæjarskóla og forráðamenn. Kiwanishreyfingin á Íslandi hefur í meira en áratug fært öllum 1.bekkingum á Íslandi reiðhjólaljálma að gjöf. Alls hefur hreyfingin fært íslenskum börnum milli 50 og 60 þúsund reiðhjólaljálma. Þannig vill hún stuðla að auknu öryggi barna sem stunda hjólreiðar eða renna sér á hjólabrettum. Vinsældir hjólreiða eru mjög vaxandi bæði hjá börnum og fullorðnum. Mikilvægt er að gæta fyllsta öryggis og að allir læri að reiðhjólaljálmur er sjálfsagður öryggisbúnaður. Þetta er í samræmi við markmið Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi „Börnin fyrst og fremst“. Til að gera hreyfingunni þetta kleift hefur hún notið ómetanlegs stuðnings **EIMSKIPA** um langt skeið. Án hans væri þetta ekki mögulegt. Við hvetjum forráðamenn að aðstoða börnin við að stilla hjálminn vel og að vera fyrirmynd í notkun öryggistækja. Bréf frá forseta Jörfa*

Kiwaniis er alþjóðleg þjónustuhreyfing karla og kvenna, sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í að bæta samfélagið og láta gott af sér leiða. Í samstarfi fá þessir aðilar



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

áorkað því sem einstaklingar geta ekki einir. Frjálst samstarf gerir þeim kleift að vinna að alþjóðlegum verkefnum innan hinnar alþjóðlegu hreyfingar. Þeir vinna einnig að umbótum á landsvísu. Ekki síst vinna þeir að mannúðar og framfaramálum sem horfa til heilla fyrir bæjarfélag þeirra sem opinberir aðilar annað hvort vilja ekki eða geta ekki sinnt. Þannig verða þeir leiðandi aðilar í sínu byggðarlagi. Kiwanis á Íslandi hefur styrkt fjölmörg verkefni, einkum sem snerta geðvernd og börn. Afrakstur K-dags söfnunarinnar s.l. haust rann til Pieta samtakanna og BUGL. Um langt árabíl hafa félagarnir í Drangey sett álíka bréf í hjálmakassana og er því vel tekið af foreldrum og forráðafólki.

Gylfi Ingvarsson sagði að Hafnafjarðar klúbbarnir hafi gefið afgangshjalma frá síðasta ári til Barnaheilla í nafni Kiwanishreyfingarinnar og er það vel að einhverjir fá þeirra notið. Að endingu má geta Ólafur hefur verið beðinn um að halda utan um þessa nefnd að ári ef honum auðnast heilsa til þess og vonast hann til að fá með sér jafn öflugan nefndarmeðlimi og verið hefur síðustu tvö ár.

### Tryggingarsjóður Kiwanisfélaga

Næst var komið að Andrési Hjaltasyni fyrir Tryggingasjóð Umdæmisins og bað fundarmenn um að klappa fyrir Arnóri Pálssyni sem hefur verið gjaldkeri í sjóðnum frá byrjun, Andrés stiklaði á stóru yfir efni aðalfundar Tryggingasjóðs sem fór fram í gærdag og skipurit stjórnar. Fram kom að 690 félagar eru í sjóðnum í dag Andrés óskaði eftir spurningum og þakkaði síðan tengiliðum og öllum sem koma að sjóðnum. Samþykkt var að leggja niður 2000 kr stofngjald félaga á aðalfundinum. Sjóðurinn innheimtir kr 10.200 með tveimur gjalddögum. Dánarbætur eru kr 550.000. Þakkaði Andrés tengiliðum klúbba og hann stefni á að kynna sjóðinn betur fyrir þeim sem ekki eru í honum, með heimsóknum í klúbba.

### Stefnumótun 2017-2022

Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri kynnti næst Stefnumótun umdæmisins 2017-2022. Konráð þakkaði öllum sem komu að þessari miklu vinnu við þessa áætlun um betra umdæmi og lagði þingforseti þessa áætlun fyrir þingið og var hún samþykkt. Þakkaði Konráð nefndarfélagum Hjördísi, Óskari og Gunnsteini fyrir



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

vel unnin störf og öllum sem tóku þátt í stefnumótunarþingum á Íslandi og Færeyjum.

## **Staðfesting á umdæmisstjóra 2017-2018**

Umdæmisþingið staðfesti að umdæmisstjóri starfsárið 2017-2018 yrði Konráð Konráðsson, Kiwanisklúbbnum Eldey. Kjör Konráðs var staðfest með lófaklappi. Að því loknu flutti Konráð stutt ávarp.

## **Staðfesting á kjörumdæmisstjóra 2018-2019**

Dröfn Sveinsdóttir tók til máls og kynnti framboð Eyþórs. Staðfest var af þingfulltrúum að kjörumdæmisstjóri 2018-2019 yrði Eyþór K. Einarsson Kiwanisklúbbnum Eldey. Og var kjör hans var staðfest með lófaklappi.

## **Kynning á framboði verðandi kjörumdæmisstjóra**

Óskar Guðjónsson formaður uppstillinganefndar 2016-2017 kom í pontu og flutti tillögu nefndarinnar um að Tómas Sveinsson verði verðandi kjörumdæmisstjóri 2017-2018. Umdæmisstjórn hefur þegar samþykkt framboðið. Hjördís Harðardóttir tók til máls og kynnti framboð Tómasar Sveinssonar félaga í Kiwanisklúbbnum Helgafelli, til embættis verðandi kjörumdæmisstjóra 2017-2018. Engin fleiri framboð komu fram og var kjör Tómasar samþykkt samhljóða. Tómas flutti stutt ávarp og þakkaði það traust sem sér væri sýnt með þessu kjöri.

## **Staðfesting stjórnar 2017-2018**

Umdæmisþingið staðfesti að umdæmisstjórn starfsárið 2017-2018 yrði skipuð eftirtöldum

## **Framkvæmdastjórn 2017 – 2018**

Umdæmisstjóri : Konráð Konráðsson (Eldey)

Umdæmisritari : Emelía Dóra Guðbjartsdóttir (Sólborg)

Umdæmisféhirðir : Magnús Helgason (Drangey)



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

Kjörumdæmisstjóri : Eypór K. Einarsson (Eldey)

Verðandi kjörumdæmisstjóri : Tómas Sveinsson

Fráfarandi umdæmisstjóri : Haukur Sveinbjörnsson (Ós)

## **Svæðisstjórar**

Freyjusvæði : Sverrir Ólafur Benónýsson, (Höfða)

Færeyjasvæði : Karin Jacobsen, (Rósan)

Óðinssvæði : Ingólfur Sveinsson, (Askja)

Sögusvæði : Sigurður Einar Sigurðsson, (Ós)

Ægissvæði : Björn B. Kristinsson, (Keili)

## **Ferðanefnd**

Kynntu Björn og Diðrik í Ferðanefnd ferð á næsta ári, á Evrópuþing Kiwanis á Ítalíu 19. maí til 2. júní 2018. Uppselt er í hana og biðlistar.

## **Kynning á umdæmisþingi 2018**

Sigurður Skarphéðinsson formaður þingnefndar 2018 kynnti 48. umdæmisþing, sem verður í umsjá Mosfells og Geysis í Hlégarði.

49. umdæmisþing 2019 verður kynnt á næsta þingi og verður haldið í Hafnarfirði.

## **Staðarval umdæmisþings 2020**

Diðrik Haraldsson Búrfelli kynnti tillögu að staðarvali 50. umdæmisþings 2020 á Selfossi og var það samþykkt af umdæmisþingi og verður haldið á Hótel Selfossi af Kiwanisklúbbnum Búrfelli á 50. ára afmæli þeirra. Umdæmisstjórn var áður búin að samþykkja valið.

Konráð bað um orðið og ræddi að fjölga þurfi klúbbum og félögum. Fylgja þarf nýsamþykktari stefnumörkun. Hann endaði mál sitt á kjörorði sínu. Snúum vörn í sókn.

## **Afhending viðurkenninga**

Umdæmisstjóri afhenti klúbbum viðurkenningar og fékk aðstoð umdæmisritara.



Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

Sögusvæði: Búrfell, Ós, Ölver, Helgafell, Mosfell

Ægissvæði: Setberg, Eldey, Hof, Hraunborg, Keilir, Sólborg,

Freyjusvæði: Elliði, Hekla, Jörfi, Dyngja, Þyrill

Færeyjasvæði: Tórshavn, Rósan, Eysturoy

Óðinssvæði: Drangey, Embla, Herðubreið, Kaldbakur, Skjálfandi, Skjöldur, Grímur.

## Önnur mál

Konráð Konráðsson kynnti Happy Child verkefnið sem Piero Grasso á hugmynd að. Hún er hjálp við flóttabörn án foreldra og er þetta langtímaverkefni í samstarfi við SOS barnþorpín. Kiwanishreyfingin ætti að leggja meir til erlends hjálparstarfs og gott væri að klúbbur gæfu ákveðið á hvern félagi til þess. Sýndi hann nýtt logo Happy Child.

Sigurður Einar umdæmisritari kynnti skönnun á Kiwanisfréttum en Landsbókasafn/timarit.is sá um verkefnið. Hann þakkaði Sigurði R. Péturssyni fyrir að hafa lagt til safn sitt til þess.

Básafélagarnir Kristján G Jóhannsson og Gunnlaugur Gunnlaugsson færðu svæðisstjóra Færeyja Sámal Bláhamar gjöf fyrir frábærar móttökur á Básafélögum í nýlokinni heimsókn til Færeyja.

Forseti Helgafells Andrés Sigurðsson kynnti 50. ára afmæli Helgafells 7. október og bauð þingfulltrúum að mæta til Vestmannaeyja. Sjoerd Timmermanns færði Helgafelli forláta platta frá KIEF.

Torfhildur og Júlía frá Kiwanisklúbbnum Emblu á Akureyri þökkuðu fyrir áralanga samfylgt og allt það góða fólk sem hún hefur kynnst í hreyfingunni en klúbburinn hættir störfum nú eftir þingið.

Bjarni Magnússon frá Kiwanisklúbbnum Grím í Grímsey finnst klúbburinn sinn megi funda meira og vera duglegri.



## Styrkjum innra starf, verum sýnileg.

---

Svæðisstjóri Óðinssvæðis tók undir það með honum og nefndi að þeir hefði ekki mætt á svæðisráðsfundi.

Sæmundur H. Sæmundsson fundarstjóri þakkaði þingfulltrúum fyrir gott samstarf og frestaði þingi til 19.00

Að því loknu var fundi frestað til kl. 19:00 þegar lokahóf umdæmisþings hófst í Íþróttahöllinni. Haukur bauð gesti velkomna og inn á milli skemmtiatriða og matarrétta veitti umdæmisstjóri nokkrar viðurkenningar.

Fjölmiðlabikarinn hlaut K-dagsnefnd fyrir frábæra kynningu á K-lyklaverkefninu, þar sem forseti Ísland og frú afhendu styrki til BUGL og PIETA að viðstöddum fjölmiðlum.

Fjölgunarbikarinn fékk Ós fyrir mestu heildarfjölgun og tóku félagar í Ós á móti bikarnum.

Styrktarbikarinn fékk Eysturoy fyrir Kiwanisdúkkuverkefnið í Færeyjum.

Fjáröflunarbikarinn fékk Kaldbakur fyrir endurvinnsluverkefni sitt.

Einnig afhenti umdæmisstjóri afmælisplatta þeim klúbbum sem áttu afmæli á starfsárinu, en höfðu ekki fengið platta frá umdæmisstjórn.

Umdæmisstjóri afhendi viðurkenningar til svæðisstjóra, umdæmisritara, umdæmisféhirðis.

Að því loknu sleit Haukur umdæmisþinginu og fól veislustjórum kvöldsins Vilhjálm Bergmann Bragason og Sesselíu Ólafsdóttir sem kalla sig Vandræðaskáldin að taka við veislustjórn. Fórst hún þeim vel úr hendi og sögðu þau skemmtisögur úr pólitíkinni og samskiptum við LÍN. Danshljómsveit Friðjóns tók nú við og síðan tók dansinn við og stóð langt fram á nótt.

Fundargerð ritaði Sigurður Einar Sigurðsson umdæmisritari